

## Uppeldisfræði(UPPE3MU05) Námsáætlun (vorönn, 2024)



Verkmenntaskólinn á Akureyri

<b>Kennari</b>	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	<b>Sk.st.</b>	HRS
----------------	---------------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið í hvað einkennir uppeldismál á Íslandi og hlutverk leik-, grunn- og framhaldsskóla eins og þau koma fram í opinberum gögnum. Farið er yfir hugmyndafræði, markmiðssetningu og skipulag valinna uppeldis- og/eða menntunarstofnana. Nemandinn kynnr sér jákvæða áhrifaþætti í uppeldi barna, s.s. listir, barnaheimspeki, fjölmiðla, tölvunotkun o.fl. Einnig erfiða þætti sem hafa áhrif á félagsmótun barna og unglunga t.d. ólíkar þroskahamlanir, áföll, geðraskanir, kvíðavaldar o.þ.h. Nemandinn kynnr sér lagalegan rétt barna, bæði á Íslandi og annarstaðar, hverjum beri að gæta réttinda þeirra og þær stofnanir sem fara með mál barna. Nemandinn kynnr sér merkingu uppeldisfræðilegra hugtaka s.s. greind, agi, klámvæðing, forvarnir og jafnrétti. Áhersla er lögð á sjálfstæði nemanda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit. Nemandi hefur nokkurt val um viðfangsefni og er ætlað að kynna niðurstöður verkefna sinna fyrir öðrum.

### Markmið:

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- markmiðum leik-, grunn- og framhaldsskóla
- eftirliti og umsjón með uppeldi barna á Íslandi
- réttindum og skyldum barna og unglunga skv. lögum
- ákveðnum áhrifaþáttum í uppeldi, bæði jákvæðum og neikvæðum
- nokkrum hugtökum sem tengjast umhverfi barna og unglunga
- mikilvægi góðs undirbúnings hvað varðar upplýsingaöflun og skipulag
- helstu hugtökum og kenningum

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skoða innra starf leik-, grunn- og framhaldsskóla og þeirra stofnana sem gæta hagsmuna barna og unglunga
- greina einkenni samskipta- og agavandamála
- lesa og skilja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnaverndarlög
- beita hugtökum á skýran og skilmerkilegan hátt
- setja fram spurningar og taka þátt í umræðu um uppeldisleg málefni
- miðla fræðilegu efni í ræðu og riti
- beita grundvallaraðferðum í forvörnum

## Uppeldisfræði(UPPE3MU05) Námsáætlun (vorönn, 2024)



**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla sér upplýsinga um uppeldis- og menntamál, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu
- meta aðbúnað barna og unglunga út frá sáttmálum, lögum og reglugerðum
- meta siðferðileg álitamál í tengslum við uppeldi og menntun
- sýna frumkvæði og hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum í verkefnum og í prófum
- kynna verkefni á skapandi hátt
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnúýninn hátt

### Námsgögn:

Kennslubók áfangans er rafræn að þessu sinni. Hún er inni á heimasíðu lönú [Vefbækur - Vefbækur \(vefbok.is\)](#)

Guðrún Friðgeirsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir (endurskoðun og uppfærsla):  
*Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*, 4. útg. 2024. Forlagið: 1 – 5. **Annað kennsluefni frá kennara. Kennslutilhögun:** Fyrirlestrar, myndbandssýningar, umræður og verkefni.

## Uppeldisfræði(UPPE3MU05) Námsáætlun (vorönn, 2024)



Verkenntaskólinn á Akureyri

### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspátta
2 - 3	Kynning á áfanga og Fjölgreindarkenning Gardners	Veggspjöld	Gildir 10%
4	Barnateikningar, kafli 7		
5 - 6	Börn og bækur, kafli 8.	Verkefni og heimsókn á bókasafn.	Gildir 10%
8	Börn og miðlar, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar, kafli 9	Verkefni með kynningu	Gildir 10%
8	Leikur og leikföng, kafli 10.	Verkefni, heimsókn á safn og skýrslugerð	Gildir 10%
9 - 10	Íþróttir og uppeldi, kafli 11.	Verkefni tengt íþróttum, börnum, unglungum og foreldrum.	Gildir 10%
11 - 12	Jákvæðir áhrifaþættir á uppeldi barna og unglinga: listir, bækur, heimspeki, fjölmiðlar, tölvan, íþróttir, áhugamál, vinir, dýr, mataræði, agi o.fl.	Stutt skýrsla og umfjöllun í tíma.	Gildir 10%
13	Páskafri		
14 - 15	Erfiðir þættir sem hafa áhrif á félagsmótun barna og unglinga: geðræn vandamál, ofbeldi, vanræksla, sorgarferli o.fl. Kafli 12.	Stutt skýrsla og umfjöllun í tíma.	Gildir 10%
16	Sérúrræði fyrir nemendur.	Athugun á hinum ýmsu stofnunum sem veita börnum og unglungum aðstoð með erfiðleika sína – Hugtakakort	Gildir 10%
17 - 18	Listir í lífi barna og barnamenning, kafli 6.	Þátttaka í barnamenningarhátíð í apríl	Gildir 10%
18 - 19	Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	Verkefni.	Gildir 10%

## Uppeldisfræði(UPPE3MU05) Námsáætlun (vorönn, 2024)



Verkenntaskólinn á Akureyri

### Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Veggspjald	Hópastarf þar sem hver greind í kenningu Gardners tekin fyrir.		10%
Verkefni	Börn og bækur – heimsókn á bókasafn og smá úttekt Íþróttir og uppeldi. Nemendur skoða mismunandi íþróttir, álag, reglur, ferðir, fjáröflun, foreldra, strætó		10% 10%
Hópastarf/Kynningar	Hópastarf um helstu samfélagsmiðla, hvað er hægt að gera? Hvernig á að verja börn og unglinga?		10%
Skýrslugerð	Mismunandi kenningar um leikföng. Hópastarf sem skiptir með sér hugmyndum og kenningum um leikföng. Bleikur skattur skoðaður.		10%
	Jákvæðir þættir á uppeldi barna. Nemendur velja viðfangsefni og segja samnemendum frá.		10%
	Erfiðir þættir sem hafa áhrif á uppeldi. Nemendur velja viðfangsefni og segja samnemendum frá.		10%
Hugtakakort	Hvaða stofnanir veita börnum og unglungum aðstoð? Hvert er hægt að leita?		10%
Þátttaka	Barnamenningarhátíð. Undirbúningur, þátttaka, hvað er í boði?		10%
Könnun	Skoðaðar hugmyndir nemenda til erlends samstarfs varðandi heimsmarkmiðin. Með hverjum? Hvaða áherslu? Hvað höfum við upp á að bjóða? Hvenær?		10%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.  
Annað:

**Námsvefur VMA (Moodle) er notaður til að halda utan um öll kennslugögn, einkunnir, námsáætlun, glærur, verkefnalýsingar og skil á verkefnum**

**Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.**

Dagsetning: 5. jan '24

*Hrafnhildur Sig*  
Undirritun kennara

*Kristján Pál Magnússon*  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils